

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

63. fundur verkefnahóps BsVest, fundurinn er haldinn þann 11.09.2017. kl. 10:30.

Fundurinn er haldin á Ísafirði.

Mættar eru: Margrét Geirsdóttir félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar, Arnheiður Jónsdóttir félagsmálastjóri Vestur-Barðastrandarsýslu, María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Stranda og Reykhólahrepps, Guðný Hildur Magnúsdóttir félagsmálastjóri við Djúp, Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri BsVest, formaður sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður bað um breytingu á fundardagskrá, undir 6 lið væri farið í trúnaðarmál frá Stranda og Reykhólahrepp og 7 liður yrði Heimsókn í skammtíavistun

Dagskrá:

1. Fundargerð 62. fundar verkefnahóps.
Lögð fram til kynningar.
2. Erindi frá félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar, trúnaðarmál, kynning
Félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar kynnir kostnaðarmat á breyttu úrræði hjá Ísafjarðarbæ.
3. Umsóknir varðandi styrk til náms, verkfæra og tækjakaupa.
Umsókn sem var tekin fyrir á 62. fundi verkefnahóps þann 15 ágúst sl. þar sem verkefnahópur frestaði umsókn þar sem öll gögn lágu ekki fyrir samkvæmt reglum BsVest um styrk til náms, verkfæra og tækjakaupa. Öll gögn hafa borist og leggur verkefnahópur til að samþykkt verði umsókn um styrk til náms, verkfæra og tækjakaupa. Sótt er um styrk að fjárhæð kr. 198.384,- og veitt er 75% af heildarfjárhæð eða kr. 148.788,-.
Einnig leggur verkefnahópur til að reglurnar verði endurskoðaðar í ljósi umræðu á fundinum.
4. Reglur v. frekari liðveisla
Verkefnahópur leggur til við stjórn að samþykkja að reglur vegna frekari liðveislu fari til þjónustusvæðanna til umsagnar.
5. Fjárhagsáætlun 2018.
Verkefnahópur fór yfir fjárhagsáætlun 2018. Nokkrar breytingar eiga sér stað á þjónustusvæðunum, Verkefnastjóri mun fara yfir það með félagsmálastjórum hvers þjónustusvæðis.
6. Trúnaðarmál frá Stranda og Reykhólahrepp, umsókn í skammtíavistun.
Lagt fram umsókn í skammtíavistun, bókun lög fram í trúnaðarmálabók.
7. Heimsókn í skammtíavistun

Fundi slitið kl:14:30

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri
BsVest